

## Þjónustusamningur

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs. kt: 570921-1180, hér eftir nefnd þjónustukaupi og Hrunamannahreppur kt. 640169-2309, hér eftir nefndur þjónustusali, gera með sér eftirfarandi

### Þjónustusamningur:

Þjónustusali tekur að sér ýmsa þjónustu fyrir þjónustukaupa. Þjónustan er eftirfarandi:

- ✓ Bókhalð byggðasamlagsins.
- ✓ Umsjón launabókhalds.
- ✓ Reikningagerð.
- ✓ Annað tilfallandi tengt ofangreindum atriðum.

Hrunamannahreppur innheimtir kr. 250.000.- fyrir hvern mánuð. Innifalið í upphæðinni er aðstöðugjald og allur skrifstofukostnaður.

Ofangreint verður innheimt til Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. mánaðarlega, fyrst í apríl 2023.

Taki þjónustuaðili að sér önnur verkefni á vegum þjónustukaupa er samið um það sérstaklega, óháð samningi þessum.

Aðilar eru sammála um, að það sé höfuðtilgangur þessa samnings að hafa á einni hendi fjárhagslega umsjón byggðasamlagsins og að hvor þeirra um sig hafi ekki verulegan fjárhagslegan ávinning eða skaða af samningi þessum.

Samningurinn tekur gildi 1. mars 2023 og gildir til 31. desember 2023. Hann er uppsegjanlegur að beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara. Samninginn er hægt að framlengja í allt að tvö ár, eitt ár í senn.

Þjónustusali samþykkir jafnframt að halda utan um tímann sem fer í verkefnið á samningstímanum svo hægt verði að meta umfang umsýslunnar við gerð næsta samnings um þjónustuna.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Staðsetning, X. mars 2023

f.h. Skóla- og velferðarþjónustu  
Árnesþings bs.

f.h. Hrunamannahrepps

---

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:

DRÖG